

Nd.

359. Nefndarálit

[108. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar hefur verið til umræðu á nokkrum fundum í allsherjarnefnd. Frumvarp þetta var flutt í Ed. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn leggur til samkvæmt tillögu dómsmálaráðuneytisins, að gerð verði undanþága frá þeim reglum, sem gilt hafa um útlendinga, að þeir skuli hafa átt hér lögheimili 10 ár, nema Norðurlandabúar 5 ár.

Nú hafa 18 ungverskir flóttamenn sótt um ríkisborgararétt, þó að þeir hafi ekki dvalizt hér nema 6 ár. Undanþágan frá gildandi reglum um ríkisborgararétt, sem dómsmálaráðuneytið mælir með, er sú, að hinum ungversku flóttamönnum, sem hér dveljast, verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur, þó að þeir uppfylli ekki þau skilyrði, sem ríkisborgarar annarra landa en Norðurlanda verða að uppfylla. Engin rök virðast mæla með þessari undanþágu. Það er á flestra vitorði, að sumt af hinu ungverska flóttafólki hefur ekki kynnt sig neitt sérstaklega vel. Virðist jafnvel sem þetta fólk hafi átt örðugt með að samlaga sig íslenskum staðháttum. Hegningarvottorð einstakra umsækjenda eru ekki í sem bezta lagi. Af skiljanlegum ástæðum hefur enginn umsækjendanna nein hegningarvottorð frá heimalandi sínu.

Samkvæmt framansögðu legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Eftirtaldir liðir falli niður:

- a. töluliður 2 (Benke, Veronika Erzsébet).
- b. — 5 (Csillag, Erzsébet Eszter, f. Varga).
- c. — 6 (Csillag, György).
- d. — 7 (Csillag, József).
- e. — 8 (Csillag, Rozália, f. Szatmári).
- f. — 15 (Hegedüs, Béla).
- g. — 18 (Horváth, Gabriella (Þórðarson)).
- h. — 19 (Horváth, József C.).
- i. — 20 (Horváth, Mária T.).
- j. — 28 (Józsa, Eva).
- k. — 29 (Klimits, Erzsébet).
- l. — 30 (Klimits, János).
- m. — 31 (Klimits, Lajos).
- n. — 35 (Mágyár, Ferenc).
- o. — 43 (Pal, Joli).
- p. — 58 (Töczik, Mihály).
- q. — 59 (Tölgyes, Miklos).
- r. — 60 (Zsibók, Jozsef).

Alþingi, 7. marz 1963.

Gunnar Jóhannsson.